



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um
embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2024, fimmtudaginn 4. apríl kl. 09.03 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 15. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Edda Ívarsdóttir.

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Arnarhlíð – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Arnarhlíð 1 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra .

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 09.09

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Edda Ívarsdóttir



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Arnarhlíð – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Arnarhlíð 1 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.


Greinargerð:

Lagt er til að eitt stæði við Arnarhlíð 1 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Uppsetning stæðis fyrir hreyfihamlaða myndi auka aðgengi að verslun og þjónustu á svæðinu en ekki eru önnur stæði fyrir hreyfihamlaða í borgarlandi nærri umræddu stæði.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhuguðu stæði



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhuguðu stæði